



ÍSLENSKI ALPAKLÚBBURINN

NR. 20 — JÚNÍ '81



Útgefandi **ÍSLENSKIALPAKLÚBBURINN**, félag íslenskra áhugamanna um fjallamenningu, pósthólf 4186, Reykjavík, Ísland.

Blað þetta kemur út í byrjun 3ja hvers mánaðar. Efni í það þarf að berast ritnefnd fyrir næsta mán. fyrir útkomu blaðsins.

Stjórn ÍSALP:

Formaður: Guðjón Ó. Magnússon,
s. 74558

Gjaldkeri: Halldór Guðmundsson,
s. 86090

Ritari: Magnús Guðmundsson,
s. 30214

Varaformaður: Torfi Hjaltason,
s. 24726

Meðstjórn: Einar Steingrímsson,
s. 16346
Vilborg Hannesdóttir,
s. 40684

Ferðaneftind: Guðjón Ó. Magnússon
Torfi Hjaltason
Pétur Ásbjörnsson,
s. 41428

Húsnefnd: Vilborg Hannesdóttir
Róbert Tómasson,
s. 36588

Ritnefnd:

Ábyrgðarmaður: Magnús Guðmundsson

Aðrir í ritnefnd: Sighvatur Blöndahl,
s. 32789, v. 10100

Snævarr Guðmundsson,
s. 85070

Guðlaug Halldórsdóttir,
s. 75190/74749

Olgeir Sigmarsson,
s. 26793

Fræðslunefnd:

Torfi Hjaltason
Helgi Benediktsson

Einar Hrafnkell Haraldsson

Ritnefnd:

Ragnar Jóhannsson,

s. 84263

Pórunn Bjarnadóttir,

s. 73525

Efni í blaðinu

Frá stjórninni	Bls.
Félagsstarfið	3
Varnir gegn fjallaveiki	4
Leiðarvisir ÍSALP – Nr. 14: Pumall	7
Myndakeppni Alpaklúbbins	10
Fréttapistill	13
Suður Bárðargötu	14
Próun búnaðar	16
Einmanaleg páksaferð: Sigalda – Pórsmörk	18
Skardatindur	26
Ferðir og fundir ÍSALP	28
Forsíðumyndin: Pumall. Ljós. Pétur Þorleifsson, maí 1969.	30

Forsíðumyndin: Pumall. Ljós. Pétur Þorleifsson, maí 1969.

Setning: Prentstofan Blik
Offsetvinna: Repró
Prentun: Formprint

Frá stjórninni

Það mál sem hæst hefur borið hjá stjórn Alpaklúbbins vetur er óneitanlega skálabyggingin. Erfiðlega hefur gengið að finna húsnæði til að smiða skálann þó svo að stjórnarmenn hafi gengið fyrir hvern ráðamanninn af öðrum og beðið um fyrirgreiðslu. Þó málid hafi verið í nokkurri sjálfteldu nú um skeið er sitthvað að gerast þó í smáum stíl sé. Þessa dagana er verið að kaupa efni til smiðinnar en síðan er ráðgert að geyma það til haustsins og hefja svo smiðina af fullum krafti í byrjun október. EKKI er fullfrágengið með húsnæði og aðstöðu til smiðinnar en góðar horfur með að það mál leysis fyrir haustið. Í sambandi við skálamálið er rétt að minna á fyrirhugaða vinnufærð í Botnssúlur laugardaginn 29. ágúst en þú er ætlunin að ganga frá grunni og undirstöðum fyrir skálann. Ef það tekst aðtti að vera létt verk að koma skálanum fyrir á sínum stað næsta vetrur.

Ákvæðið hefur verið að taka upp þá nýbreytni að fjörlita ferðaáætlun og dagskrá klúbbins og láta hana fylgja blaðinu. Er það gert til að menn eigi auðveldara með að kynna sér dagskrána og hagnýta sér hana. Einnig er í bígerð að útbúa kynningarbréf til kynningar klúbbnum fyrir þá sem ganga í hann eða hafa hug á því. Er ætlunin að láta bæði ferðaáætlun og kynningarbréfið liggja frammi á stöðum eins og Skátabúðinni, Útlíff og víðar. Þessar hugmyndir um sérþrentaða ferðaáætlun og kynningarbréf eru fram

komnar á almennum félagsfundi 20. maí síðastliðinn. Vil ég meina að þessar hugmyndir sem núna er verið að hrinda í framkvæmd sýni vel fram á gildi opinna umræðufunda um málefni klúbbins þar sem fram kemur gagnrýni og ábendingar um það sem betur má fara. Ekkert er verra en afskiptaleysi félaganna af starfsemi klúbbins.

Rétt er að vekja athygli félaganna á ferðinni í Skaftafell sem fyrirhuguð er um verslunarmannahelgina. Áætlað er að þetta verði frekar óformleg ferð þar sem menn koma sér saman um hvað gera skuli og geta menn þá sem best tekið sig saman í smáhópum, sumir farið á Hvannadalshnúk, aðrir á Skardatind, Hrútsfjallstinda, Pumal, allt eftir því sem hver og einn hefur löngun og getu til. Málið er bara að finna sér félaga sem vill gera það sama og maður sjálfur. Við skulum vona að klúbbfélagar fjölmenni í Skaftafell um verslunarmannahelgina og geri garðinn frægan. Það er lítill alpaklúbbur sem aldrei fer á fjöll.

Magnús Guðmundsson

Vetrarfjalla-mennskunámskeið í Esju

Vetrarfjallamennskunámskeið var haldið sunnan í Esju helgina 7.–8. mars. Farið var úr bænum á laugardagsmorgni og haldið sem leið liggur upp að Mógið. Þar axlaði hver sinn poka og síðan var gengið upp í tæpl. 500 m hæð þar sem grafin voru snjóhús til íveru um nóttna. Seinni hluta dags og fyrri hluta sunnudagsins var kennið ýmiss snjótækni og farið í grunnatriði snjóklifurs og trygginga í snjó. Að áliðnum sunnudegi var dötið tekið saman og arkadí niður í bíla eftir velheppnaða helgi í Esju. Páttakendur voru 12 og leiðbeinendur þeir Guðjón Ó. Magnússon, Torfi Hjaltason, Snævarr Guðmundsson og Magnús Guðmundsson.

M. G.

Skessuhorn

Farið var á Skessuhornið 22. mars síðastiðinn. Ekið var frá Grensásvegi kl. 8.00 að Horni, á þremur einkabilum. Þar voru pokar axlaðir og gengið undir NA.-hrygg Skessuhornsins í ágætisveðri, 3–5° frosti og logni, en himininn skýjaður og auk þess skýjakúfur á sjálfa Skessuhorninu. Undir NA.-hryggnum var étið smávegis og síðan farið á brodda. Þaðan var gengið á öxlina undir sjálfum hryggnum. Þar uppi var þó nokkuð hvasst og fór veður versnandi er ofar dró með þoku og snjókomu auk mikillar ísingar. Fór svo að allir snéru við nema

þrír sem héldu áfram upp og náðu tindinum. Þar uppi var auðvitað ekkert skyggni, mikil ísing, snjókoma og varla stætt. Menn fengu sér smá munnbíta og síðan var haldið niður sömu leið í bílana. Niður í bíla og komu þeir síðustu um kl. 4.00 e. h. og var ekinn Draginn í bakaleið.

Páttakendur voru 11, og fararstjóri Snævarr Guðmundsson.

S. G.

Myndasýning Nigel Giffords

Í byrjun apríl kom hingað til lands Nigel Gifford, frægur breskur fjallamaður. Kom hann hingað til þess að fara á Öræfajökul og tinda hans með íslenskum kunningum. Fóru þeir saman þrír og voru fjóra daga en höfðust lítt að vegna þoku. Föstudaginn 10. apríl hélt svo Gifford myndasýningu fyrir Alpaklúbbinn á Hótel Loftleiðum. Sýndi hann myndir frá klifri í Norður Ameriku, allt frá Mt. Mc Kinley til Yosemite. Sýninguna sóttu aðeins um 50 manns og var það skaði þar sem flestir sem sáu hana voru sammála um að þetta hafi verið með albestu og skemmtilegustu myndasýningum sem þeir höfðu séð.

M. G.

Ferð á Eyjafjallajökul

Laugardaginn 16. maí var farin velheppnuð dagsferð á Eyjafjallajökul. Lagt var af stað frá Grensásvegi á slaginu 6 um morguninn og ekið sem leið liggur austur að tjald-



Í bliðuveðri á Eyjafjallajökli, Fremri- og Innri-Skoltur og fjær sér í Mýrdalsjökul og Torfajökulssvæðið. Ljósmynd. Guðjón Ó. Magnússon, maí 1981.

staðinu undir Grýtutindi. Þaðan var gengið á fjalla- og gönguskíðum Skerjarhryggsleiðina upp á Goðastein í frábæru veðri. Þar snæddum við hádegisverð í sól og blíðu, allir léttklæddir, með útsýni yfir allt Fjallabaks- svæðið og miðhálendið fyrir framan okkur. Næst gengum við yfir á Hámund til að fá útsýn yfir allan Fimmvörðuháls og Mýrdalsjökul. Pegar upp á topp var komið var ekkert annað eftir en að renna sér á skíðum niður að bílunum. Var þetta að sjálfsögðu skemmtilegasti hluti ferðarinnar! Að lokum var svo ekið aftur í bæinn með hinu hefðbundna ís og súkkulaði stansi á Hvolsvelli. Komum við í bæinn fyrir kvöldmat sólbrenndir og sælir. Páttakendur voru 6 og fararstjóri Jón E. Rafnsson.

G. Ó. M.

Skaftafellsferðin

Öræfajökulsferðin fór fram dagana 27.–31. maí. Tekinn var bílaleigubill og ekið í Skaftafell að kveldi 27. maí. Slegið var upp tjöldum og gengið til náða snemma, því á jökulinn átti að fara daginn eftir.

Morgunin eftir vöknuðu tjaldbúar um 8.30 og farið var að matbúa. Um 10 leytid fóru Jón og Snævarr inn í Morsárdal en þeir ætluðu á Pumal.

Um 10.30 lagði svo aðalhópurinn af stað ásamt fararstjóra. Gengið var upp Virkisjökul sunnan Dyrhamars annaðhvort á skíðum eða tveimur jafnfjólum. Fyrri part dagsins gekk á með sól og þokuslæðingu en svo fór að þykka upp og var þoka það sem eftir var dags.

Eftir 9 klst. göngu var Hvannadalshnjúk



Alapkúlubsmenn spóka sig í sólinni við Goðastein (Guðnastein?). Ljós. Guðjón Ó. Magnússon, maí 1981.

náð en skíði og annar útbúnaður var skilinn eftir undir hnjknum. Peir Helgi og Arnór fóru niður undir NA-hrygg hnjkusins og klifu hann síðan aftur upp, en ekki er vitað til að það hafi verið gert áður. Mikil þoka var á toppnum og því ekkert útsýni. Fljótlega var haldið niður bæði þeir fótgangandi og hinir á skíðunum. Skíðað var niður í 100 m hæð eða niður á sporð. Hinir sem voru fótgangandi komu um 2 tímum seinna niður. Ær niður í Skaftafell var komið voru Jón og Snaevarr komnir. Höfðu þeir farið á Pumalinn um daginn. Höfðu þeir verið 6 tíma að ganga að honum og klifið hann sjálfan á 40 mínútum, en þess má geta að þeir notaðu enga línu á uppleið.

Föstudagurinn 29. maí var notaður í hvíld en á laugardagsmorgun um 05.00 leytið fóru 8 manns af stað upp Skaftafellsjökul og ætludu sér á Hrútfjallstinda. Var veður þá fremur leiðinlegt. Tveir snéru fljótlega við

vegna hælsærис. Hinir héldu áfram og fylgdu mórenunni. Í 400–500 metrum tók að glitta í sól. Efst í jöklinum gekk veðrið að með þokslæðingi. Þá var breytt um áætlun vegna veðurs og ákveðið að fara á Skarðatind. Fyrst var farið á Porsteinshöfða 1334 m og matast örlítið þar. Peir sem voru á skíðum renndu sér niður í skarðið milli Skarðatinds og Porsteinshöfða, en hinir gengu niður. Aftur var haldið upp á við ónú á Skarðatind, þar var fremur létt ísklifur og síðan labb upp tindhrygginn og síðan tindinn, á hann voru þeir komnir eftir 9 tímum ferð úr Skaftafelli. Farið var svo niður snjólenu vestarlega í Skaftarfellsjökli og þar niður eftir jöklí i Skaftafell, en þangað var komið eftir 14–15 tímum ferð.

Heim var svo farið á sunnudeginum. Þáttakendur í ferðinni voru 14. Fararstjóri Helgi Benediktson.

S. G

Varnir gegn fjallaveiki.

Sá, sem ætlar sér að ganga á hæstu fjöll, þarf að vera tilbúinn að takast á við margskonar erfiðleika, vandasamt klifur, kal, ofskælingu, sólbruna, skyndileg illviðri, grjóthrun, snjóflöð, jöklusprungur og fleira mætti til tína. Þessu til viðbótar kemur svo hætta á bráðri fjallaveiki, sem getur gert vart við sig eftir að komið er í 3000 m hæð og þar yfir og stafar af því, að súrefnisþrysingur lækkar í þunnu fjallaloftinu. Í þessum línum verður ekki fjallað til neinnar hlitar um eðli bráðrar fjallaveiki og viðbrögð líkamans við lágum súrefnisþrystingi, en vísað skal til greinar Ingvars Teitssonar í riti Íslenska Alpklúbbsins, nr. 4, maí 1978.

Hér verða einkenni þessarar veiki stuttlega rakin og skýrt frá nýjum athugunum á varmargildi lyfsins acetazolamide (Diamox), sem birtust í breska læknatímaritinu Lancet 24. janúar 1981.

Fyrstu viðbrögð líkamans við lækkuðum súrefnisþrystingi sem teljast innan ramma eðlilegra lífeðlisfræðilegra svarana, miða að því að auðvelda súrefnisupptöku með dýpri öndun og flýta súrefnisflutningi um líkemann með auknu starfi hjartans, tiðari og kröftugri hjartslætti. Par við bætist að áreynsla eykur enn frekar á þörfina fyrir súrefni og veldur mæði og hjartslætti.

Væg einkenni bráðrar fjallaveiki fara að koma fram 6–96 tímum eftir að komið er í þunnt loft. Þau eru talsvert breytileg, en algengust eru höfuðverkur, ógleði, uppköst, lystarleysi, slappleiki, dáðleysi, svimi, svefnleysi og bjúgur á höndum og fótum.

Fjallaveiki á háu stigi veldur vökvasonun (bjúg) í lungum og heila. Einkenni lungna-

bjúgs er hósti, þurrt kjöltur í fyrstu en síðan andþyngsli og froðukenndur uppgangur oft með blóðlit, varir verða bláar og húðin köld og þvöl.

Bjúgur í heila veldur höfuðverk, dómgreind hrakar, menn verða sljóir og geta jafnvel lamast eða fallið í dá. Fram geta komið sjóntruflanir og reyndar blæðingar í sjónhimnu sem sérstakt fyrirbrigði, án þess að um alvarlegan heilabjúg sé að ræða.

Komi fram einkenni um heila- eða lunganbjúg er viðkomandi í bráðri lifshættu, og má þá einskis láta ófreistað að koma honum a. m. k. 1000 metrum neðar og helst niður fyrir 2400 m. hæðarlínu. Auk þess skal gefa súrefni ef það er tiltaðt og sterk þvagræsilyf (t. d. frusemide). Önnur lyf koma til greina, en eru tæpast á meðfæri ólæknislærðra t. d. coricosteroid hormón við heilabjúg og morfin við lungnabjúg, en hið síðarnefnda má alls ekki nota þegar um heilabjúg er að ræða.

Best er að sjálfsögðu að koma í veg fyrir bráða fjallaveiki ef mögulegt er. Nýlega var gerð í Ecuador tilraun með notkun acetazolamide (Diamox) í því skyni að koma í veg fyrir bráða fjallaveiki. Í tilrauninni tóku þátt 20 menn á aldrinum 20–52 ára, þar af 13 læknar. Peir fóru á 6 tímum upp í tæplega 2800 m. hæð, voru þar í þrjá daga, en fóru síðan á 2 dögum upp í 5000 m. hæð í fjallinu Chimborazo og dvöldu þar í 4 daga. Að mestu var ekið í bílum, þó eitthvað gengið með léttar byrðar á milli tjaldstaða, svo að áreynsla var í lágmarki miðað við venjulegar fjallgöngur.

Helmingur þátttakenda tók acetazola-



Frá Andesfjöllum.

mide allan tímann og raunar í 3 daga áður en leiðangurinn hófst. Hinir fengu lyfið einungis þessa þrjá daga en síðan platlyf, (placebo), sem var í eins hylkjum, og vissu þátttakendur ekki, hverjir fengu lyfið og hverjir ekki. Niðurstöður urðu þær, að þeir sem fengu lyfið, höfðu færri einkenni fjallaveiki, súrefnisþrýstingur í blóði þeirra var hærri og þeir stóðu sig betur miðað við fyrri leiðangur. Aukaverkanir lyfsins voru ekki alvarlegar né til verulegra óþæginda, en helst bar á náladofa og svo auðvitað aukinni tiðni þvaglátta, sem getur verið hvimleitt einkum að næturnagi. Ekki er að fullu ljóst á hvern hátt lyfið hindrar fjallaveiki, en líklegast er, að útskilnaður vökvá úr líkamanum með aukinni þvagmyndun eigi þar hlut að málí og hindri bjúg í vefjum. Acetazolamide breytir einnig sýrustigi blóðsins, en það örvar öndun og leiðir til aukins súrefnisflutnings til vefja líkamans.

Þess er þó skylt að geta, að ekki hafa allir látið fyllilega sannfærast af þessum niðurstöðum. Á það hefur verið bent, að þátttakendur hafi alls ekki reynt eins mikið á sig og venjulegir fjallgöngumenn og því hafi ekki verulega reynt á gagnsemi lyfsins við slíkar aðstæður. Þá er að geta þess að tiðni alvarlegrar fjallaveiki í göngumönnum („trekkers“) í Nepal hefur reynst um það bil 4%. Gat því allt eins verið, að ekki væri endilega við alvarlegri fjallaveiki að búast í tuttugu manna hópi, jafnvel þótt engin lyf veru tekin.

Þó að líkur séu á því að þvagræsilyfið acetazolamide dragi úr hættu á bráðri fjallaveiki er víst að það tryggir menn ekki alvarlega gegn hinum alvarlegu formum hennar, lungnabjúg og heilabjúg. Helsta boðorð þeirra, sem forðast vilja veikina, er því að fara nógum hægt upp og gefa líkamanum þannig fari á því að aðlagast hinu þunna

lofti. Peim sem ganga upp í lægsta tjaldstað Everest-fara (5340 m.) er t. d. ráðlagt að dvelja einn dag um kyrrt í 3500 m. og í 4300 m. og fara ekki upp í 5000 m. hæð fyrir en í fyrsta lagi á 7. degi. Mikilsvert er að vera sem best á sig kominn, líkamlega og andlega. Talið er að kalíumríkt og kolvetnaríkt fæði sé til bóta, en fitu eigi að takmarka.

Einstaklingum er misjafnlega hætt við fjallaveiki og fer það ekki endilega eftir þoli eða öðrum garpskap. Talið er að flugmenn þoli betur súrefnisskort fram að fertugu en verr eftir það. Þá hefur því verið lýst, að gamlar karlrottur þoli súrefnisskort öllu verr en ungar kvenrottur og skal lesendum látið eftir að draga af því frekari ályktanir.

Guðmundur Pétursson

8000 m tindur á skíðum

Reinhold Messner og þrír félagar hans eru nú staddir í Kína í leiðangri á Shisha Pangma, 8012 m. Það sem er merkilegt við þennan leiðangur, ef marka má auglýsingu frá skíðafyrirtækinu Kastle, er að þetta mun vera í fyrsta sinn sem 8000 m tindur verður genginn á skíðum (ef þeim tekst ætlunarverkið). Þeir munu fara á fjallið án hjálpar súrefnistækja.

M. G.

Leiðarvísir ÍSALP

Nr. 14: PUMALL

Tindurinn Pumall (1279 m) er nokkuð þekktur manna á meðal en hefur samt að eins verið klifinn þrisvar sinnum. Sennilega er skyringuna að finna í því, að hann er frekar afskekktur heldur en að hann sé beinlinis erfiður.

Áður fyrr var Pumall talinn ókleifur og er hann reyndar ekkert sérlega árennilegur við fyrstu sýn. Pumallinn er blágrýtisdrangur sem stendur í suðurbrún Vatnajökuls, í svennfndum Skaftafellsfjöllum, og ris um 120 m yfir jökulinn. Ekki ætla ég að fara nánar út í staðsetningu hans, fyrr en í leiðarlýsingunni sjálfri.

Árið 1975, í ágúst, klifu þrír Vestmannaeyingar Pumal fyrstir manna, þeir Snorri Hafsteinsson, Daði Ásbjörnsson og Kjartan Eggertsson. Næstir til að klifa tindinn voru menn úr Hjálparsveit skáta í Reykjavík og var það 1977, um þáská. Þriðja uppferð var síðan 1979 og voru þær að ferðinni Reykjvíkingar, þrír að tölu. Það var í fyrstu viku ágúst.


Pessar þjár ferðir voru nokkuð misjafnar að tímabundin en sú fyrsta var heilmikill leiðangur með búdum og hvað eina. Sú síðasta hingað til tók hinsvegar two daga og var þá „bivakkad“. Má það teljast hæfilegt að nota two daga til að fara tindinn, það er að segja að sumri til og jafnvel að vetri til líka, við góð skilyrði.

Leið að Pumli


Vegalengd: 14 km

Lóðrétt hækjun: 1100 m (upp að Pumli)

Tími: 6–9 klst. (upp að Pumli)




Pumall og Skaftafellsfjöll – yfirlitskort.



Best er að hefja ferðina í Skaftafelli. Gengið er sem leið liggur yfir Skaftafellsheiðina þangað sem göngubruin er yfir Mórsá. Farið yfir hana og síðan liggur leiðin vestan til inn Mórsárdal, þar til dalkvos opnast til vesturs, þ. e. Kjósín. Þá er sveigt lítillega inn þar. Norðan við Kjósarmynnið, gengur gil, Vestra-Meingil, upp í undirhlíðar Miðfellstinds, sem er 1430 m háár. Vestan við þetta gil er 919 m háár tindur, Vestur-Hnúta. Leiðin liggur upp með Vestra-Meingili að vestan. Þar getur verið nokkur hætta á ferðum í úrkому og slæmu skyggni, því gilið er hrikalegt. Þegar komið er í um það bil 750 m hæð sveigir leiðin til vesturs, inn í dal, Hnútdal. Þegar þangað kemur getur verið vert að ihuga með næturstað. Um það bil 250 m hækjun er úr botni dalsins upp að Pumli.

Liklega er best að fara úr Hnútdalnum upp á hrygg sem liggur frá Vestur-Hnútu upp að vestanverðum brúnum Miðfellstinds. Þar er farið aðeins niður að vestan og gengið skáhallað til norðvesturs þar til Pumall gnæfir yfir. Þessi lýsing á við leiðina sem farin hefur verið í öll skiptin og er þá gengið norður fyrir tindinn. Þess má geta að þar sem farið er niður af hryggnum (þ. e. a. s. „Hnúthrygg“), geta verið hrikalegar hengjur, og hafa þær t. d. hindrað áframhald ferðar eins hópsins sem ætlaði sér á Pumal (veturinn '80). Einnig er talsverð snjóflóðahætta þarna um kring, í miklum snjóum.

Þegar komið er að norðvestur hlið Pumals blasir við auðþekkjanlegt kennileiti, drangur eða flaga sem ris upp með tindinum sjálfum. Þar fer leiðin um.



Leiðin upp á Pumal. Teikn. Snævarr Guðmundsson.



Sigð niður af Pumli. Ljósm. Snævarr Guðmundsson, maí 1981.

Myndakeppni Alpaklúbbsins 1981

Miðvikudaginn 6. maí 1981 hélt Mats Wibe Lund, ljósmyndari, erindi um ljósmyndun á opnu húsi hjá klúbbnum. Urðu þar fjörugar og fröðlegar umræður um ljósmyndun og í lok fundarins bauð Mats öllum félagsmönnum að taka þátt í ljósmyndakeppni. Reglur keppninnar eru þessar:

1. Páttakandi verður að vera félagi í ÍSALP og hafa greitt árgjald 1981.
2. Myndefni er bundið áhugasviði klúbbsins, þ. e. fjallamenntsku og eiga þá myndir að vera annaðhvort úr ferðum og námskeiðum klúbbsins eða ferðum félagsmanna.

Leið upp á Pumal

Lóðrétt hækku: 120 m
Gráða: III (IV efst ef vill)
Tími: 2–3 klst.

Fyrst er farið upp lausa, stórgrýtta skriðu (II). Siðan er komið að lágu hafti (III), farið upp þar til glufa opnast milli flögunnar og tindsins (fleygur til staðar). Áfram er haldið inn í glufuna (Skorsteinn) og klöngrað upp hana (III). Pregar komið er þar sem glufan opnast og útsýni til suðvesturs birtist er haldið út í suðvesturhluta Pumals. Fylgið hryggnum eða þar við, beint upp (laust í sér). Komið er að hafti (IV), farið upp það eða sneiðið hjá til hægri og krækið fyrir (mjög laust). Pregar komið er upp fyrir haftið blasir háhryggur Pumals við. Bröltið eftir honum og upp. Tindur Pumals rúmar ekki marga í einu. Háhryggurinn er mjög laus í sér og engar almennilegar tryggingar. Sígið niður sömu leið.

Torfi Hjaltason

3. Dómnefnd skipa 3 menn. Einn tilnefndur af Mats, einn af klúbbnum og einn utanaðkomandi.
4. Myndum á að skila inn til ferðanefnar fyrir 16. sept. 1981.
5. Myndir eiga helst að vera á pappír (svart/hvítt eða lit) í póstkorta stærð en mega þó vera litskyggnur.
6. Bestu 3 myndirnar verða stækkaðar upp í 50×70 sm og límdar á karton verðlaunahafa að kostnaðarlausu.
7. Mats áskilur sér rétt til að stilla verðlaunamyndunum út í glugga í verslun sinni að Laugavegi 178 í smátíma.
8. Klúbburinn áskilur sér rétt til að stilla verðlaunamyndunum upp í félagsheimili að Grensásvegi 5.

Ferðanefnd.

Fréttapistill

Fyrstu helgina í mars klifu þeir Helgi Benediktsson og Arnór Guðbjartsson ísfoß sunnan í Esjunni, nánar tiltekið suðvesturvegg gils í klettunum milli Pverfellshorns og Gunnlaugsskarðs. Fossinn var um 40 m hárr, samsettur úr lóðréttum beltum með hallandi stöllum á milli. Samfelldur ís var alla leiðina. Efst var ísinn slúttandi. Telja þeir fossinn vera IV. grádu ísklifur.

Þeir Helgi og Arnór gerðu það ekki endasleppt því seinna í mars lögðu þeir til atlögu við NV-vegg Skessuhornsins og komust upp um 4/5 hluta leiðarinnar. Þá voru eftir tvö klettabelti en á þeim var aðeins snjóhröði sem enga festu veitti og nánast enginn ís. Þeir fóru út úr veggnum út á NA-hrygginn og síðan þar upp. Erfiðasti hlutinn af því sem þeir klifruðu var neðst, bratt ísklifur með lausum snjó ofaná. Klifrið tók ca 4 klst og gráðan var III/IV.


Páskarnir eru stærsta ferðahelgin og er þá jafnan mest um lengri ferðir að ræða.

8 félagar í ISALP og HSSK lögðu leið sína á Öræfasvæðið og var fyrst farið í Esjufjöll þar sem dvalið var í eina nótt. Á laugardag fyrir pásku var svo lagt á Öræfajökul. Var lagt af stað frá Sandfelli kl. 08.30 í bliðskapardeðri. Í 1000 m hæð var stigð á skíði og gengið á þeim á toppinn, en þangað var komið um kl. 2.00. Blankalogn var og heið-

skírt og snjóbráð því mikil síðegis. Ferðin niður tók 2 klst.

Í byrjun apríl fóru fimm menn yfir Vatnajökul á skíðum frá Esjufjöllum norður á Brúarjökul og þaðan norður í Möðrudal. Þetta voru þeir Magnús Hallgrímsson, Helgi Ágústsson, Leifur Jónsson, Guðmundur Sigvaldason og Þorsteinn Guðbjörnsson. Ferðin tók rétta viku, þar af þrjá daga yfir jöklinn frá Esjufjöllum. Einn dag voru þeir veðurteppir á jöklinum. Frá Brúarjökli voru þeir þrjá daga norður í Möðrudal. Þetta mun vera með fyrstu skíðaferðum yfir Vatnajökul að vetrarlagi en eins og mörgum er kunnugt hafa margar tilraunir mistekist til að fara yfir Vatnajökul að vetri til.

Í páskavikunni gengu fimm Akureyringar og tveir Reykvíkingar saman suður Sprengisand á skíðum. Þeir voru um það bil viku á leiðinni en þeir lögðu af stað upp úr Eyjafirði á laugardag fyrir pálmasunnudag. Þeir héldu sem leið liggur suður í Nýjadal og þaðan í sem beinasta stefnu niður að Þórisvatni. Mikil leysing var sunnan til á hálandinu enda lofthiti hárr. Vegna þessa breyttu þeir upphaflegri ferðaáætlun en skv. henni áttu að fara niður með Þjórsá til byggða. Því lögðu þeir leið sína austar þar sem land liggur hærra.



Þessi mynd er tekin inni á Svinafellsjökli. Til hægri er Hrútsfjall með Hrútsfjallstindum en leiðin sem þau þrjú fóru liggur upp hægra megin við skriðjökulinn sem fellur niður fjallið. Ljósmynd: Guðjón Halldórsson, mars 1979.

Pann 11. maí sl. var suðurhlíð Hrútsfjallstinda í fyrsta skipti klifinn af þeim Þorfa Hjaltasyni, Einari Steingrímssyni og Önnu Láru Friðriksdóttur.

Að kveldi 10. maí var lagt af stað og gengið inn Svinafellsjökul upp í hlíðar Hrútsfjalls, þar sem þau sátu af sér nóttina.

Daginn eftir var suðurhlíðin sem er 1400 m. há frá jöklí klifin upp í 1650 m. y. s. þar sem grafinn var snjóhola. Þar uppi var veðrið afar slæmt. Eftir þá nótt var farið upp á vestasta tindinn og niður að norðan. Síðan farið niður á Skaftafellsjökul. Miklar leysingar voru allan tímann og talsvert ís- og grjóthrun, einnig var nokkuð snúið að finna réttu leiðina bæði upp og niður.

Nú er sumarið að koma og því rétt að minnast á klettaklifursvæði í nágrenni Reykjavíkur. Pekktustu svæðin eru Stardalur og Pingvellir, en fleiri staðir koma til greina. Í mynni Eilífsdals, norðan Esju eru klettar ca. 20–25 m háir og Þyrlí í Hvalfirði eru klettarnir um 70–80 m háir. Par er nú þegar búið að fara fjórar leiðir sem innihalda III–IV+ gráðu erfiðleika (5.2–5.6). Leiðir þar eru mun lengri en í Stardal og Pingvöllum eða á bilinu 2–4 spannir (pitch). Bergið er fremur fast í sér og líkt því sem er í Stardal.

Suður Bárðargötu á skíðum


Ferðir þvert og endilangt um hálendið á skíðum eru nú orðnar mjög algengar. Var því ákveðið þegar rætt var um páskafeð þessa árs að fara fáfarna leið. Kom þá upp í hug okkar hin sögufræga leið, Bárðargata sem er ein fáfarnasta leið yfir hálendið þó svo að hún hafi fyrst verið farin á landnámsöld.

Vorum við tveir sem tóku þátt í þessari ferð: Guðjón Ó. Magnússon og Þór Ægisson. Ferðin hófst föstudaginn 11. apríl 1981 með því að flogið var til Húsavíkur. Par tók félagi okkar Guðjón Halldórsson á móti okkur en hann mun vera mörgum félagsmönnum að góðu kunnur. Gistum við hjá honum um nóttnina og næsta dag ók hann okkur suður að Svatárkoti, innsta bæ í Bárðardal. Við færum honum hér með alúðarþakkir fyrir þessa aðstoð.

EKKI gerðum við ráð fyrir því að gista í skálum á leiðinni, nema í Jökulheimun, vestan við Vatnajökul. Hördur bóndi á Svatárkoti sagði okkur frá tveimur gangnamannakofum sem staðsettir eru fram með Skjálfandafljóti. Gistum við í þessum ágætiskofum fyrstu tvær næturnar enda var góð dagleið á milli þeirra, um 30 km.

Næstu 3 næturnar gistum við í „Blacks Mountain“, bómullartjaldi; við Marteinsflæðu, í Vonarskarði og í Tröllahrauni vestan við Hamarinn, áður en komið var í Jökulheimuna. Urðum við að hlaða utan um tjaldið háan snjóskjólgarð til að verja það gegn vindum og veðri. Við vorum svo heppnir að þurfa ekkert á skjólgarðinum að halda, en allur er varinn góður. Þó svo að þetta tjald sé um 7 kg, þá viljum við ekki hafa annað með okkur því að ekkert tjald hefur reynst okkur eins vel og *Blacks Mountain* í vetrarútilegu.

Færðin á þessari leið var afleit. Fyrstu 3 dagana tafði snjóleysi okkur og urðum við oft að þræða skafla, en verst var þó að þurfa að bera allt hafurtaskið á bakinu, yfir Suðurárhraun, en dótið vög tæp 40 kg. Suðurárhraun er úfið og illt yfirferðar og mæli ég ekki með því að menn fari þar um klyfjaðir. Miðhálandið, frá Vonarskarði að Veiðivötnum var einn krapaelgur, og urðum við oft að krækja upp fyrir krapatjarnir og læki sem hvergi eru merktir á kortum. Mæli ég einnig með því að menn ferðist sem minnst þegar mjög hlýtt er í veðri. Það sparar margar krókaleiðir. En til að bæta þetta allt þá ákvað Hekla að spúa eldi og eimyrju yfir



Í „sandi og ösku“ í grennd við Jökulheimun. Ljósmynd: Guðjón Ó. Magnússon, apríl 1981.



Þór sýslar við farangurinn. Ljósmynd: Guðjón Ó. Magnússon, apríl 1981.

allan snjó milli hennar og Jökulheima og varð allur snjór svartur. Þó svo að við hefðum meðferðis tæp 40 kg af útbúnaði og vistum þá vantaði okkur samt góða gönguskó (fyrir snjóleysið), sjóskíði (fyrir krapann), og grjótáburð (fyrir öskuna), þá hefði kannski gengið aðeins betur hjá okkur.

Í Jökulheimum vorum við veðurteppir vegna góðviðris, á föstudaginn langa, enda orðnir latir eftir 6 daga mótvind, þoku, snjóleysi og krapa. Lágum við þá í sólbaði í 38 stiga hita, heiðrikju og logni.

Ferðin frá Jökulheimun gekk stórslysalaust, nema hvað plastþotan hans Guðjóns eyðilagðist í öskunni, er gat kom á meiðana. Samt verður endingin að teljast góð því þotan hefur farið í allmargar pásk- og fjallaferðir. Er mjög þægilegt að vera með slika þotur í togí og hafa þá rúman helming útbúnaðarins á henni, þann hluta sem má blotna. Afganginn bárum við á grindar-

pokum frá „Camp Trails“. Koma þeir í góðar þarfir ef útbúnaður er mikill eins og nái.

Skíðin voru eins og áður „Fischer Evrópa 77 og 99“, enda viljum við ekki sjá annað í ferðum okkar. Þór hefur þó gert breytingu á sínum skíðum þ. e. fræst hreistur á botn þeirra og hefur það reynst ágætlega.

Anægðir vorum við þegar við komum niður í byggð á Sigöldu, enda búin að vera á aðra viku frá menningunni. Ekki held ég að við höfum áhuga að fara þessa leið aftur þó svo við færum ekki Bárðargötu í heild. En það er aldrei að vita hvað okkur dettur í hug, fyrst að við lögðum á okkur að fara þessa leið í upphafi. Vel á minnst. Við fengum smáaðstoð frá Veiðivötnum. Par hittum við vélsleðamenn og óku þeir okkur niður á Sigöldu, en það er nú önnur saga sem má ekki sprjast út.

Guðjón Ó. Magnússon

Próun búnaðar

EKKI hefur farið fram hjá neinum, sem stundað hefur ferða- og fjallamennsku sl. 10–15 ár, að gífurlegar stökkbreytingar hafa orðið á búnaði á þessu tímabili. Það fer ekki hjá því, að maður reki upp stór augu rekist maður á miðaldra ferðamenn með gamla búnaðinn sinn, eins og t. d. gömlu bakpokana og ísaxirnar svo eitthvað sé nefnt. Um það leyti, sem ég var að byrja að ferðast fyrir 12–13 árum, fór fyrst að rofa eilítid til í sambandi við ýmiss konar útbúnað, en búnaður fyrir fjallamenn hafði þá verið mikið til óbreyttum um tiu ára skeið.

Það má kannski skipta búnaðinum gróflega í þrennt, þ. e. fatnað, viðlegubúnaðinn, s. s. tjöld og svefnþoka og þess háttar og loks tæknilegan búnað fyrir fjallamenn.

Fatnaður

EKKI er óeðlilegt, að byrja á skófatnaðinum, þegar fjallað er um almennan fatnað. Skófatnaður hefur tekið miklum breytingum hin síðari ár, sérstaklega síðustu 10–15 árin. Reyndar, ef við tökum Ísland sérstaklega út úr, þá verður ekki raunveruleg breyting á skóbúnaði ferða- og fjallamanna hér fyrir en í kringum 1974, þegar innflutningur á „alvöru“ fjallgönguskóm var hafin í Skátabúdinni. Á áratugnum 1960–1970 og reyndar tölувert fram á næsta áratug, 1970–1980, ferðuðust menn gjarnan á svokölluðum Íðunnarskóm, sem framleiddir voru í Skóverksmiðjunni Íðunni á Akureyri. Ennfremur var tölувert um, að fólk gengi á skíðaskóm, svokölluðum vinnuskóm, t. d. „Tuf“, nú eða jafnvel á stígvélu. Það er nú

ekki hægt að hæla þessum skóbúnaði landans. Íðunnarskórnir voru með þeim ósköpun gerðir, að þeir héldu vatni mjög illa, raunar alls ekki, auk þess sem þeir voru mjög illa einangraðir, sem leiddi auðvitað af sér, að mönnum var iðulega mjög kalt í þeim í vetrarferðum. Það verður hins vegar að segjast, að þeir voru og eru reyndar ágætis röltskór í þurrlandi. Þeir höfðu enn fremur þann kost, að auðvelt var að nota þá á skíði með gormabindinum, þannig að ferðamenn þurftu ekki að vera með tvenna skó með sér í vetrarferðum. Nú, um skíðaskó þarf ekki að fjölyrða mikið. Þeir voru engan veginn nægilega góðir, t. d. voru þeir yfirleitt með mjög fingerðum sóla, sem greip lítið sem ekkert í. Þeir voru hins vegar oft tiltölulega stíflar og gátu hentað þokkalega í harðfenni, því hægt var að berja blátánni í og komast þannig áfram. Þeir voru yfirleitt betur einangraðir og betur vatnsvarðir heldur en Íðunnarskórnir. Nú um vinnuskóna og stígvelin vil ég segja, að það hafi aðeins verið neyðarbrauð. Það má að vísu segja, að stígvel hafi verið heppileg við ákveðnar aðstæður, t. d. ef labbað var langar leiðir í myrlendi. Nú um hina svokölluðu „alvöru“ skó er það að segja, að þeir fóru að berast hingað til lands upp úr 1970 og innflutningur var hafinn fyrir alvöru árið 1974. Þá má skipta þeim í þrennt. Fyrir það fyrsta eru léttir gönguskór, sem framleiddir eru úr frekar léttu leðri, en með grófmynstruðum sóla. Þeir nái upp fyrir ökla og eru heppilegir til léttra gönguferða og léttira fjallgangna að sumarlagi. Þeir eru hins vegar ekki nothæfir í meiriháttar fjallgöngur, svo maður tali nú ekki um vetrar-

ferðir um fjöll. Í öðru lagi eru það svo hinir svokölluðu hálfstífu fjallgönguskór, sem eru þeir skór, sem fjallgöngumenn nota langmest. Þeir eru framleiddir úr veigameira leðri en hinir léttari, auk þess sem sólin er stífari, þ. e. gefur minna eftir t. d. í miklum bratta, auk þess sem sjálfur sólinn er gerður úr mun slitþolhara efni. Þeir eru mun betur einangraðir heldur en léttu skórnir og henta yfirleitt mjög vel við íslenzkar aðstæður. Dami um þessa skó eru t. d. hinir þekktu Galibier Super Guide skór, sem eru einir mest seldu hálfstífu skórnir í heiminum í dag og á það einnig við um Ísland. Þróða gerðin eru svo í einum pakka tvöfaldir fjallgönguskór og svokallaðir Kombiskór, sem hægt er að nota jafnhliða til fjallgangna og til skíðaþökunar. Tvöföldu skórnir eru alla jafna framleiddir úr leðri og er innri skórrinn oftast klæddur ullanlagi að innan. Pessir skór eru algerlega stíflar og eru því illnothæfir nema til meiriháttar fjallgangna, og það alls ekki nema að vetrarlagi sakir þess hversu skórnir eru hlýir. Um Kombiskóna er það að segja, að þeir eru framleiddir jöfnum höndum úr plasti eða leðri, reyndar má segja voru, því plastið er alveg að yfirtaka hlutverk leðursins. Þeir eru yfirleitt hærri upp á legginn heldur en tvöföldu skórnir og allir stífari, sem gerir þá hæfari í skíðamennskuna. Þeir eru sérstaklega heppilegir fyrir svokölluð fjallaskíði, en notkun þeirra fer mjög í vöxt hér á landi. Þegar rætt er um skóbúnað er ekki hægt að gleyma legghlífunum, sem eru nauðsynlegur fylgifiskur. Þær hafa tekið miklum stökkbreytingum síðustu árin. Í kringum árið 1970 þekktust legghlífar vart hér á landi. Einstaka maður hafði komið yfir gamlar striga hlífar frá hernum, en annað var það ekki. Það voru yfirleitt fremur stuttar hlífar, sem gerðu takmarkað gagn. Síðan fara að berast hingað strigahlífar, m. a. frá Skotlandi, sem náðu langeiðina upp að hné, og nutu þær þegar mikilla vin-

sælda. Þær hlífar hafa síðan verið í stöðugri próun, sérstaklega í sambandi við efni, sem notuð eru í þær. Í kjölfar strigahlífanna komu svo nylonhlífar, sem blotnuðu ekki eins og striginn, en þær voru sæmilega vatnsvarðar til að byrja með. Hægt var að vaða smærri ár í þeim, „ef menn fóru hratt“. Hin allra síðustu ár hefur svo Gore-tex efnið mikið tekið við af nyloninu og striganum, en það hefur þann eiginleika, að anda og vera vatnshelt, en nylonið andar alls ekki og vill raki því setjast inn á þær hlífar.

Í sambandi við hinn almenna fatnað hafa breytingar orðið minni þar heldur en í sambandi við skófatnaðinn. Raunverulegar ferða- og fjallabuxur, svokallaðar hnébuxur voru að vísu lítið þekktar hér á landi fyrir liðlega 10 árum, en fljóttlega upp úr því fóru þær að berast hingað og þá ýmist úr cinvirku strechefni líkt og í skíðabuxum eða þá úr ýmis konar ullanblöndu. Ennfremur hafa komið buxur úr flaueli og terelyni, sem engan veginn hafa reynst nægilega vel. Hnébuxurnar gáfu strax mjög góða raun og mjög margir tóku að nota þær. Það eru þó alltaf fjölmargir, sem göslast áfram í gömlu síðbuxunum, jafnvel gallabuxum, sem ættu að vera bannvara hjá öllum fjalla- og ferðamönnum. Eina umtalsverða breytingin, sem orðið hefur í sambandi við hnébuxurnar er þegar innflutningur hófst á strechbuxum úr tvívirku strechefni, þ. e. efni sem teygist í báðar áttir, langs og þvers. Þær hefur Skátabúdin flutt inn síðustu þrjú árin og hafa þær reynzt feiknalega vel. Þær eru líka yfirleitt þykki en venjulegar strechbuxur og því hlýrri og vel nothafar til vetrarferða.

Varðandi sokka, vettlinga og húfur hefur sú breyting helzt orðið hin síðari ár, að menn eru farnir að nota meira ullanblöndu, þ. e. ekki gömlu alullarsokkana, vettlingana og húfurnar. Íslenzkir alullarsokkar hafa tvo ókosti. Fyrir það fyrsta slitna þeir verulega og hins vegar eru þeir mjög grófir og eiga því

til að særa menn á fótum, sérstaklega þá sem fara um á hálfstínum eða alstínum fjallgönguskóm. Blönduðu sokkarnir eru yfirleitt með 60–80% ullanhlutfall á móti gerfiefnum og eru þeir mun sterkari og þægilegri íveru. Í sambandi við vettlinga og húfur þá hafa komið á markað hér slíkir hlutir úr sérstaklega þéttófinni ull og í sumum tilfellum olíuborinni, sem hefur gert þessa hluti vindheldari og ennfremur hrinda þeir vatni frekar frá sér. Ekki er þar um neina sérstaka stökkbreytingu að ræða, íslenzku lopavettlingarnir og lopahúfurnar standa alltaf fyrir sínu. Um nærfötin er það að segja, að föðurlandið stendur alltaf fyrir sínu og hefur ekkert getað skákað þeim í gegnum tíðina. Það má hins vegar segja um föðurlandið, að það er í mörgum tilfellum of gott og svo hins vegar sú staðreynð, að margir þola það hálfilla næst sér. Því hafa komið á markaðinn nærföt úr léttari ull, t. d. frá Noregi, sem mikið hafa verið notuð hér og svo hefur eitthvað borizt hingað af silkinærftum, sem hafa reynzt mjög vel. Það hefur hins vegar verið mjög erfitt að fá þau hér á landi.

Tiltölulega lítil breyting hefur orðið á skyrtu- og peysunotkun ferða- og fjallaþófks í gegnum tíðina. Menn voru í og eru í bómullar og ullarskyrtum, sem eru mjög góðar. Það eru hins vegar komnar á markað fyrir nokkru slíkar skyrtur sérstaklega gerðar fyrir fjallmenn og eru þá þéttófnar en þær eldri og því vindheldari. Um peysurnar þarf lítið að fjölyrða. Menn hafa alla tíð gegnið í ullar- og lopapeysum á ferðalögum og á því hefur orðið lítil breyting, nema hvað peysur úr dacronefnum eru farnar að ryðja sér nokkuð til rúms hin allra síðustu ár, en þær hafa reynzt með ágætum.

Um skjóflíkurnar er það að segja, að í gegnum tíðina hafa menn ýmist gengið í ýmis konar bómullarblönduðum anorókkum, eða þá anorókkum úr svokölluðu ventileefni, sem er mun þéttara og betra. Á

þessu verður nokkur breyting fyrir 3–4 árum, þegar hið svokallaða Gore-tex efni fer að ryðja sér til rúms. Það hefur bæði eiginleika anorakkanna, gömlu anorakkanna, þ. e. að halda vatni, án þess að sagga að innan. Efnið sem sé andar. Í venjulegu Gore-tex efni eru um 9 milljónir öndunarholu í hverri fertommu. Þetta efni hefur valdið algjörri byltingu í skjólfatnaði fyrir ferða- og fjallaþóf, sem hefur í gegnum tíðina verið tilneytt, að ferðast með tvær flíkur, en getur nú notað við eina. Óhætt er að fyllrða, að mjög góð reynzla hefur fengið á Gore-tex efnið viða um heim, t. d. eru flestar fjallabjörgunarsveitir viðs vegar um heiminn farnar að nota flíkur úr því, og ekki er farin sá Himalayaleiðangur, að ekki séu leiðangursmenn klæddir Gore-tex flíkum.

Viðlegubúnaður

Þegar rætt er um viðlegubúnað er yfirleitt rætt um hluti eins og tjöld, svefnþoka, bakþoka, undirlag, prímus. Sumir þessara hluta hafa tekið miklu breytingum í gegnum tíðina, en aðrir litlum sem engum. Ef við byrjum á tjöldunum. Þá hefur það yfirleitt verið spurningin um lögunina og svo hins vegar úr hvaða efni þau skyldu vera, þá kannski með tilliti til hversu þung þau væru. Í sambandi við lögunina, hafa hin ólíklegustu form verið reynd, eins og A-laga, braggalaga, kassalaga, samblund af braga og A-laga, bíramýdalaga og nú í seinni tíð hálfkúlula. Það verður að segjast eins og er, að gamla A-lagið hefur staðið af sér allar þessar breytingar og er eflaust jafnbeztu formið, sem fram hefur komið. Hinum formunum hefur öllum verið meira og minna ýtt til hliðar, nema hálfkúlulaginu, sem nýtur mikilla vinsælda í dag, og er eflaust mjög gott. Mælingar sérfræðinga segja reyndar, að hálfkúlujöld, með rétt bygging-




Svona litu bakpokarnir út áður fyrr.

arhlutföll eigi að standa af sér mest veður. Vardandi efnið, þá hafa tjöld í gegnum tíðina verið framleidd úr ýmis konar tauefnum og hefur ventilefnið komið langbezt út af þeim. Upp úr 1970 fóru nylonefnin að ryðja sér til rúms, enda mun léttari. Tjöldin léttust um helming og jafnvæl meira. Nylon tjöldin héldu auk þess betur vatni en gömlu taujtjöldin. Gallin við nylonið var hins vegar sá hversu viðkvæmt það er. Pau rifna gjarnan við ólíklegustu aðstæður, bæði dúkurinn sjálfur og við sauma. Það verður þó að segjast, að nylontjöldin verða alltaf sterkari og sterkari. Áður en lengra er halddið er vert að geta þess, að nylontjöldin eru yfirleitt alltaf tvöföld. Innra tjald sem andar og svo sjálfur nylondúkurinn, sem gjarnan saggar töluvert að innan. Hin allra síðustu ár er svo farið að framleiða tjöld úr fyr nefndu Gore-tex efni, og hafa þau reynzt mjög vel. Annars má segja, að í dag sé lítið sem ekkert framleitt af tjöldum úr tauefnum, heldur eru þau öll annað hvort úr nylonefnum, eða þá Gore-tex.



Núna litu þeir út eitthvað í líkingu við þetta.




Á þessari mynd má sjá ísaxir, eins og þær voru fram til ársins um 1970, þegar miklar breytingar fór að koma fram.

Mikil breyting hefur orðið í gegnum tíðina á bakpokum. Um áratugaskeið voru allir með „rasspokana“, eða „perupokana“ eins og sumir nefndu þá. Á árunum 1960–1970 fóru framleiðendur fyrst að hugsa sér eitt-hvað til hreyfings og á markaðinn komu endurbættir grindarpokar, sem sátu hærra á baki manna. Það er síðan fyrir og um 1970, sem hinir hefðbundu grindarpokar, eins og við þekkjum þá í dag, komu á markaðinn. Þeir hafa síðan verið í stöðugri þróun og móturn, en eru eins í „prinsíppinu“. Hér á landi fara menn ekki að nota grindarlausu poka í meiriháttar ferðir fyrr en á árunum 1973–1974. Pessir grindarlausu pokar hafa

æ síðan notið gífurlegra vinsælda, enda er það mat manna, að séu menn ekki með þess meiri birgði, þá séu þeir mun þægilegri og meðfærilegri heldur en grindárpkarnir. Svo maður tali nú ekki um þegar menn eru að klifra, þá eru grindarpokarnir ónothaefir.

Um undirleggið er það að segja, að á árunum áður drösluðust menn alla jafna með gömlu vindsængurnar, sem voru mjög þungar og voru lítt einangrandi. Mikil breyting varð á þessu upp úr 1970, þegar ýmis konar svampeinangrunardínur fóru að koma á markaðinn, sem bæði voru miklu léttari og voru auk þess miklir einangrar. Það er hins vegar ein tegund þessara dína, sem hefur




Ísaxirnar urðu síðan í líkingu við þetta.

algjörlega einokað markaðinn hjá þeim, sem vilja það bezta, en það eru Karrimat dinurnar frá Karrimor. Þær hafa reynst hreint ótrúlega vel. Venjuleg dína, 180 centímetrar, vegur aðeins tæplega 400 grómm.


Í sambandi við prímusana, þá hafa ýmsar tilraunir verið gerðar gegnum tíðina. Það verður hins vegar að segjast, að gömlu stein-

olíu- og bensíprímusarnir hafa reynst langbezt og eru enn þann dag í dag það bezta sem völ er á. Það hafa verið gerðar tilraunir með spritprímusa, sem reynzt hafa ágætlega, en þeir eru mun lengur að hita og eldsneytið er mjög dýrt, auk þess sem mjög erfitt er að fá það. Um gasið þarf ekki að fjölyrða, það hefur reynzt mjög illa um leið og fer að kólna og er því vart nothæft fyrir fjallamenn. Sú breyting hefur helzt orðið á steinolíu- og benzínprímusum, að þeir eru léttari í dag en þeir voru á árunum áður.

Um svefnþokana er það að segja, að í gegnum tíðina hafa fjalla- og ferdamenn eingöngu notað svefnþoka með dúnþyllingu, gæsa- eða andadúnsþyllingu. Mjög lítið hefur verið framleitt af æðadúnspokum vegna þess hversu æðadúninn klessist mikið undir viðkomandi þegar lagst er á hann. Þróun þokanna hefur hins vegar fremur verið á svíði efnanna utan um dúninn og hefur verið lagt kapp á að léttu það alltaf meira og meira og er nú svo komið, að efnið sjálft er orðið mjög líttill þyngdarhluti þokans miðað við það sem áður var. Góður dúnsvefnpoki gat verið allt upp í 4 kiló áður fyrr, en þeir beztu í dag eru í kringum 2 kiló. Segja má,



Dæmi um ísaxir í dag.



Mannbroddar: Á þessari mynd má glöggjast sjá þá breytingu, sem orðið hefur á mannbroddum hin síðari ár. Neðstir eru elstu broddarnir, sem þó ekki eru smíðaðir úr smíðajárn, og hafa þeir aðeins tíu brodda. Síðan koma klifurbroddar, sem eru alstífir. Fyrir ofan þá eru Stubai Tyrol, sem af mörgum eru taldir beztu alhliðabroddar, sem völ er á. Þá eru það venjulega gerðin.

anda- og gæsadúnn hafi verið notaður jöfnum höndum. Menn hefur ætið greint á um hvort hafa ætti rennilásá á pokum eður ei. Það hefur hins vegar verið samdóma álit manna, að ferðist menn við mjög erfðar aðstæður sé betra að hafa pokana rennilásalausa, þ. e. engin hætta sé á að kuldinn smjúgi einhvers staðar inn. Hin síðustu ár hefur dúninn svo fengið keppinaut, sem er

dacron, eða fiberefni. Það er efni sem polir vel að blotna, sem dúninn gerir ekki og það er ekki eins viðkvæmt og dúninn. Þar er hins vegar sá galli á gjöf Njarðar, að fiberefnið er mun fyrirferðarmeira en dúninn. Ætli maður, að fá sambærilegan poka er fiberpokinn um helmingi fyrirferðarmeiri. Til að fá poka á heimsmálikvarða í fiber, þá eru menn komnir með ansi fyrirferðarmikinn poka. Það má því segja, að fiberinn hafi ekki ennþá a. m. k. lagt dúninn að velli.

Tæknilegur búnaður

Um hinn svokallaða tæknilega búnað væri hægt að skrifa heila bók, en hér verður aðeins stiklað á því helzta, eins og mannbrotti, ísökum, línum fleigum, karabínum og skrúfum. Hér á árum áður voru allir mannbrotti smíðaðir úr svokölluðu smíðajárn og voru því mjög þungir og óþjálist í notkun. Þeir voru yfirleitt framleiddir með tíu brottum. Á árunum 1965–1970 verður mikil breyting á þessu í Evrópu og viðar, þegar farið er að framleiða mannbrotti úr ýmis konar léttmálum, sem voru mun meðfærilegri, auk þess sem sjálfum broddunum var fjölgæð í 12 og jafnvel 14 til að fá betra grip. Svo maður gleymi því nú ekki, að farið var að hugsa fyrir alvörum um hvernig bezt væri að laga broddana. Mannbroddar voru ætið með liðamótum áður fyrr, en eftir 1970 var farið að framleiða beinstífa broddar til erfðara klifurs. Hér á landi hafa tvær gerðir mannbrotti notið mestra vinsælda síðustu tíu árin, annars vegar Chunard beinstífir broddar fyrir erfðara klifur, en þeir hafa verið framleiddir úr mjög hörðum málmi og því verið viðkvæmir fyrir því, að notaðir væru við þá stífir skór. Annars hefur komið í þá málmpreyta og þeir hreinlega brotnað, hins vegar hafa Stubai Tyrol broddarnir notið mikilla vinsælda og er það mat margra, ekki bara hér heldur í Evrópu og viðar, að

það séu einhverjur beztu alhliðabroddar, sem völ er á. Áður fyrr voru mest notaðar leðurólar á mannbrotti, en síðan tóku við nylónólar og hin síðari ár eru flestar ólar úr svokölluðu neopraneefni, sem hefur þann eiginleika, að það breytir sér ekkert þótt breytingar verði á veðri.

Breytingar á ísökum hafa þær helztar orðið í gegnum tíðina, að sköftin eru nú framleidd úr léttari og sterkari efnunum en áður var. Fyrir 1970 var varla framleidd ísexi öðru vísi en með tréskäfti, en í dag eru þær yfirleitt framleiddar með málm- eða fiber-skäfti. Þá hefur auðvitað orðið mikil breyting á hausnum sjálfum. Áður fyrr var hausinn yfirleitt lítt boginn og á honum var mest lítið af tönnum til að grípa í ísinn. Síðustu tíu árin hefur orðið mikil breyting á þessu og ísaxir eru framleiddar í hinum ólíklegustu formum. Það er bezt að hafa sem fæst orð um hvað sé bezt af því, því menn greinir vægast sagt mjög á um það, bæði leikmenn og áhugamenn. Það eru þó allir sammála um, að gömlu axirnar, sem voru með næsta beinum haus, séu óhæfar í klifur.

Um línumnar er það að segja, að þær verða stöðugt léttari og jafnframt sterkari, auk þess sem hægt er að fá mjög vel vatnsvarðar jöklalínur, sem ekki var hægt áður fyrr. Í gegnum tíðina hafa menn yfirleitt notast við hampkaðla, en á árunum 1960–1970 var unnið mikil starf í sambandi við hönnun sérstakra fjallalína, sem hefur skilað sér mjög vel á síðustu tíu árum. Þær límur, sem eru á boðstólum í dag eru léttar og meðfærilegar og því mjög skemmtilegt að vinna með þeim.

Áður fyrr voru allir fleigar framleiddir úr línum málum, sem lögdu sig eftir sprungunni, sem þeir voru barðir inn í. Á þessu var bylting á fyrstu árum síðsta áratugar, en þá var algjörlega kúvent, þannig að í dag eru fleigar ekki framleiddir nema úr mjög hörðu stáli, sem breytir lögun sinni nánast ekkert.

Karabínur voru áður fyrr framleiddar úr mjög þungum málmi og höfðu aðeins eina lögun, aðeins var um mismunandi stærðir að ræða. Þær voru allar með svokölluðu björgunarlagi. Hin síðari ár hefur orðið mikil breyting þarna á. Í dag eru karabínur framleiddar úr mjög léttum, en jafnframta öruggum léttmálum, auk þess sem þær er hægt að fá í hinum ýmsu myndum, eftir því í hvers konar vinnu á að nota þær.

Um ísskrúfurnar er það að segja, að áður fyrr var aðeins hægt að fá svokallaða tappatogara, sem oft á tíðum voru ekki nágilega öruggir, sérstaklega ef álag var á þeim lengi. Þá bræddu þeir gjarnan frá sér og losnuðu. Það var því farið að framleiða holar skrúfur með kjarna, sem ekki braðdu eins út frá sér. Það eru svo fyrst og fremst þessar holur skrúfur, sem hafa verið í þróun síðustu tíu árin. Þær skrúfur, sem njóta mestra vinsælda í dag, eru svokallaðar Chunardskrúfur, sem bæði er létt að skrúfa inn og halda vel og lengi.

Það er víst mál að linni, því þessi pistill er orðinn miklu lengri en ég ætlaði í upphafi.

Sighvatur Blöndahl

Styrktaraðilar

Radíóbúðin

Skipholti 19, s. 29800

Formprent

Hverfisgötu 78, s. 25960

Einmanaleg Páskafeð:

Sigalda – Pórsmörk

Í fyrstu ætlaði ég að fara um hina þrjá Suðurjöklum en því miður fannst enginn sem var tilbúinn til að slást í hópinn. Því var það að ég ákvæð að stefna lægra og þar sem bilar með hópa frá F. Í. fóru bæði til Sigöldu og í Pórsmörk varð leiðin þar á milli fyrir valinu.

Á Sigöldu var veðrið ekkert sérstaklega álitlegt, þungskýjað og smá rigning, en fljóttlega léttí til. Snjóinn sem í fyrstu var þakinn ösku varð mjög blautur áður en kom að Frostastaðavatni. Beindi ég því fórinni í átt að Dómadalshrauni til þess að losna við að „skíða“ í 30 cm djúpu vatni.



Snemma morguns við Álftavatn, Ljósm. Gérhard L. Delavault.

Það kom mér á óvart að koma að skálunum í Landmannalaugum (og að hinum skálunum líka) umkringdum 2 m þykum snjó. Það var nauðsynlegt að moka frá skálunum til þess að komast inn.

Á öðrum degi ferðarinn komst ég að því að annar stálkanturinn á öðru skíðinu var farinn. Leiðinda uppákoma en skipti sami ekki sköpum. Ég fór frá Landmannalaugum yfir hraunið í átt að Brennisteinsöldu og stoppaði síðan og fékk mér að borda í Hrafntinnuskeri þar sem ég hitti fyrir heila tylft háváðasamra vélsléða.

Bakpokinn vóggum 22 kg og var dreginn á snjóþotu sem sannaði ágæti sitt í svona ferð nema hvað hún átti það til að velta í breknum. Gott væri að útbúa stálplötur á botninn til þess að halda þotunni á réttum kili.

Á leiðinni niður af Kaldaklofsfjöllum þurfti ég broddana til þess að tolla á fótunum. Ég mætti skammast míni! Ég notaði þá með mjúkum gönguskíðaskónum ...



Horft til Tindfjallajökuls af Emstrum. Ljósm. Gérhard L. Delavault, apríl 1981.

Ég fór snemma frá Álftavatni til þess að hafa not af næturfrostini meðan ég færir yfir vatnið. Í stað þess að fara hina venjulega leið um Hvanngil fór ég beint að Illusúlu og yfir Brathálskrók. Að fara yfir ár og vötn var ekki vandamál þar sem ég varð þeirra varla var fyrir utan Innri-Emstrúu en hana varð ég að vaða.

Par sem það tók um það bil þrjá tíma að fara á milli skálanna hafði ég nógán tíma til að fara í sólbað við Emstruskálann. Stundum varð ég að fara inn í skálann til þess að „kæla“ mig og forðast að stikna. Um kvöldið fór ég og skoðaði gljúfur Markarfljóts.

Morganinn eftir neyddi þokubakki, sem skyndilega lagðist yfir, mig til þess að breyta áætluninni að fara um Mýrdalsjökul og hélt ég því áfram suðurs undir alskýjuðum himni.

Veðrið þessa fimm daga er hægt að flokka út frá flugtækniliegu sjónarmiði sem SOSÁ (skýjafar og skyggni ágætt). Frábært veður og landslag og góður snjór, hvers geta menn óskað sér meira?

Síðasti hluti ferðarinnar reyndist sá erfiðasti: Allan útbúnaðinn varð ég að bera eftir Langhálsum, mestan hluta leiðarinnar í drullu og vatni.

Tæknilega séð var þessi ferð auðveld en ágæt þjálfun á afskekktu svæði og mun lifa í minningunni sem eins sú besta sem ég hef farið á skíðum. En kannski var hún full kyrr-lát fyrir minn smekk.

Gérhard R. Delavault

Skarðatindur

Priðjudaginn 14. apríl sl. komum við 3 félagar úr ÍSALP, Erling Jóhannesson, Snævarr Guðmundsson og Jón Geirsson í Skaftafell með hug á að fara á Skarðatind. Aðeins einu sinni áður hafði verið farið á tindinn svo öruggt var, var það árið 1956 að nokkrir breskir jarðfræðingar komust á hann. Lítíð er vitað um að menn hafi reynt síðan.


Í fyrstu höfðum við ætlað okkur að fara upp Skaftafellsjökulinn á skíðum og fara á tindinn austan megin frá, en í skoðunarferð upp á Sjónargnýpu sáum við að ekki yrði jökkullinn góður yfirferðar, þar eð mjög líttill snjór var á honum og sprungubelti virtust ná nokkuð langt inn eftir jöklum. Var því ákveðið að fara inn í Morsárdal og reyna þaðan.

Á hádegi 15. apríl öxluðum við svo byrðar okkar og löbbuðum svo af stað upp Skaftafellsheiði og síðan inn í Morsárdal. Sólskin var og mikil molla í lofti. Meðferðis höfðum við birgðir í fjóra daga og vógu byrðar hvers og eins um 25 kg.


Eftir rúmlega 3 tíma göngu var síðan tjaldi slegið upp fyrir framan Morsárfjölkulsíðni. Tókum við saman útbúnað okkar sem við áætluðum að þyrti á fjallið en ætlunin var að leggja af stað næsta morgun. Ætluðum við okkur að vakna um 05.00 næsta morgun en um 04.30 vöknudum við, við það að farið var að rigna. Ringdi látlauð fram að hádegi. Hættum við því við uppför þennan daginn. Uppúr hádegi hætti að rigna og um 2 leyið var komið glaðasólskin og var það reyndar það sem eftir var ferðar. Deginum var svo reyndar eytt í að kanna leiðina inn á Morsárfjölk, svo og undirhlíðar Skarðatinds en fyrir ofan hana gnæfðu svo hrímaðir klettaveggir Skarðatinds.

Veðurhorfur virtust góðar svo gengið var snemma til síðan.

Um 05.00 næsta morgun vöknudum við og var þegar tekið til við matartilbúning. Veðrið var eins og best var á kosið, heiðskýrt og logn, en sólin var enn ekki risin upp. Á mínutunni 06.00 var svo gengið af stað, yfir ísilagt lónið og upp á skriðjökulinn. Eftir ca. 1 1/2 klst. göngu var sveigt út af jöklínnum og lagt í alllanga snjólænu ca. 50° bratta. Ennþá var snjóinn harður enda árla dags og því ágætis broddafæri, en samt var stöðugt grjóthrun niður lænuna. Fyrir ofan snjólænu þessa, tókum við snjóbrekkur nokkrar en þar fyrir ofan var komið vestur undir sjálfan Skarðatindinn. Nú fór sólbráð að gera vart



Skarðatindur í ísbrynu. Ljósm. Jón Geirsson, apríl 1981.



Snævarr á toppi Skarðatinds, Hrútsfjallstindar í baksýn. Ljósm. Jón Geirsson, apríl 1981.

við sig, þótt í 1150 m hæð væri komið. Við héldum nú norður með tindinum nokkurn spöl, en þá varð Erling sem þjáðst hafði af miklum verkjum í baki að hætta við. Hugðist hann ætla að bíða eftir okkur í vari vestur undir tindinum. Héldum við því áfram tveir og héldum austur og upp með tindinum uns komið var norður fyrir hann. Þar kemur snjóbrekka með íshöftum og álítum við það vera síðasta hluta fjallsins. Eftir örstuðu matarpásu voru síðan teknar í hönd 2 ísaxir og gengið af stað. Fyrst reyndum við þar sem styst var upp á hrygginn. Reyndist það vera of áhættusamt og var því brölt aftur niður og farið upp aftur aðeins vestar eftir brattri fonn og síðan upp um 2 m hátt íshaft og þaðan upp á ákaflega fallegan hrygg. Var gengið eftir honum á hátindinn. Þar stóðum við svo eftir sex tíma ferð. Hvergi sást ský á himni og útsýnið hið fugursta. Ekki var þó lengi staldrað á toppnum og haldið fljótlega

niður. Um 20 mín. seinna vorum við komnir að þeim stað þar sem Erling beið okkar. Nú var halddið niður sömu leið og var sólbráðin orðin það mikil að þar sem gengið var á broddum um morguninn, sukkum við nú í hnédjúpan snjó. Fátt merkilegt kom fyrir á niðurleið. Í tjaldstað komum við svo kl. 17.00 eftir tæpa 11 tíma ferð. Í tjaldstað fengum við okkur ærlega næringu og hvíldumst aðeins en um kvöldið var svo gengið niður í Skaftafell. Um kl. 10.00 var svo komið í tjaldstað. Það voru því hálfþreyttir félagar sem lögðust til svefn í Skaftafelli að kveldi föstudagsins langa. Næstu tveim dögum var svo eytt í Skaftafelli, þar sem klifrað var í klettum, leiðir af ýmsum gráðum. Það var svo að kvöldi 20. apríl, sem við komum í bæinn vel sólbrenndir eftir 7 daga skemmtilega ferð í Öræfin.

Jón Geirsson

Ferðir og fundir ÍSALP

Opin hús og fundir eru að jafnaðir í húsnæði ÍSALP á Grensásvegi 5 og hefjast kl. 20.30.

Föstudagur 26. – sunnudagur 28. júní:
Skíðaferð á Eyjafjalla- og/eða Mýrdalsjökul. Gist í skála. Fararstjóri Hermann Valsson.

Miðvikudagur 1. júlí:
Æfing í Öskjuhlíðinni. Mæting á staðnum kl. 20.30.

Miðvikudagur 8. júlí:
Opið hús – rætt um Kerlingarfjallaferð.

Föstudagur 10. – sunnudagur 12. júlí:
Kerlingafjöll – létt snjóklifur og skíðaferð. Gist í tjaldi. Fararstjóri Robert Lee Tómasson.

Miðvikudagur 15. júlí:
Opið hús – bókasafnskvöld.

Miðvikudagur 22. júlí:
Opið hús – rætt um Skaftafellsferð.

Miðvikudagur 29. júlí:
Opið hús – bókasafnskvöld.

Föstudagur 31. – mánudagur 3. ágúst:
Ferð í Skaftafell og á Öraefajökul. Ferðin er hugsuð sem aðalferð sumarsins. Þar geta félagar komið saman og valið sér fjöll og leiðir eftir áhuga (t. d. Pumal, og/eða Hvannadalshrygg á Öraefajökli. Sýnum samstöðu og mætum öll. Fararstjóri Jón Geirsson.

Miðvikudagur 5. ágúst:
Opið hús – bókasafnskvöld.

Miðvikudagur 12. ágúst:
Opið hús – Gérard Delavault sýnir myndir af skíðagöngu um Fjallabakssvæðið. Rætt um Hrútfellsferðina.

Föstudagur 14. – sunnud. 16. ágúst:
Hrútfell – létt klifur- og gönguferð á cinn skemmtilegasta útsýnisstað á Kili. Fararstjóri ?

Miðvikudagur 19. ágúst:
Opið hús – bókasafnskvöld.

Miðvikudagur 26. ágúst:
Opið hús – Þór Ægisson sýnir myndir af skíðagöngu suður Bárðargötu (sjá grein í blaðinu). Rætt um vinnuferð í Botnssúlur.

Laugardagur 29. ágúst:
Vinnuferð í Botnssúlur. Grunnurinn undir skálann verður undirbúinn.

Miðvikudagur 2. september:
Opið hús – Guðmundur Pétursson sýnir myndir af Hvannadalshrygg og Pverártindsegg. Skrásetning á Klettaklifurnámskeið.

Laugardagur 5. – sunnudagur 6. sept.:
Vinnuferð í Tindfjöll. Farið upp eftir með kol og vistir og skálinn almennt undirbúinn fyrir veturinn.

Miðvikudagur 9. sept.:
Opið hús – bókasafnskvöld.

Mánudagur 7. sept.:
Undirbúningsfundur fyrir klettaklifurnámskeið.

Miðvikudagur 9. sept.:
Opið hús – breskar kennsluklettaklifur-myndir sýndar.

Föstudagur 11. sept.:
Undirbúningsfundur fyrir klettaklifurnámskeið.

Laugardagur 12. – sunnudagur 13. sept.:
Klettaklifurnámskeið í umsjón Einars Steingrímssonar og Torfa Hjaltasonar.

Hámarksfjöldi á námskeiðinu er 16. Páttökugjald er kr. 200.

Miðvikudagur 16 sept.:
Opið hús – Ari Trausti Guðmundsson fjallar í máli og myndum um eldvirkni á Íslandi og gos undir jöklum.

Miðvikudagur 23. sept.:
Opið hús – kynning á útbúnaði ætluðum til vetrarferða. – Torfi Hjaltason.

Miðvikudagur 30. sept.:
Opið hús – Sigurður B. Jóhannesson sýnir myndir „Fjöll og firnindi“.

Til sölu

**Ultimate hjálmur – large, ónotaður.
5 nýjar CLOG læstar karabínur og
hnetur, notaðar.**

**Upplýsingar í síma 24204
Anna Lára**

REPRÓ
OFFSETVINNA
PRENTHÖNNUN



HVERFISGÖTU 78
25210

VÖRUR SEM VANDAÐ ER TIL



Bergans
OF NORWAY

MoAc



ajungilak



Blacks
of Greenock

ultimaté

Paraboot - Galibier

SALEWA

Kastinger



SKÁTABÚÐIN

SÉRVERSLUN
FYRIR
FJALLA- OG
FERÐAMENN.

SNORRABRAUT 58 SÍMI 12045

Rekin af Hjalparsveit Skáta Reykjavík